

## Héraðsdómur Suðurlands

Kristján Torfason, dómstjóri

Til allsherjarnefndar Alþingis,  
Alþingishúsinu v/Austurvöll,  
150 Reykjavík

### Umsögn um frumvarp til laga um dómstóla

Með bréfi virðulegrar allsherjarnefndar Alþingis dagsettu 6. þessa mánaðar var þess óskað að Héraðsdómur Suðurlands léti í té umsögn um frumvarp til laga um dómstóla sem lagt hefur verið fram á hinu háa Alþingi.

Hér er um efnismikið frumvarp að ræða og hefur því dregist nokkuð að senda þessa umsögn, en ekki þótti annað fært en að ræða frumvarpið all ítarlega meðal dómara við dómstólinn. Er beðist velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á því að senda umsögn þessa.

Ekki verður farið sú leið að fjalla um hverja grein frumvarpsins, heldur verður fjallað um nokkur atriði þess, sem dómara við Héraðsdóm Suðurlands telja ástæðu til að vekja athygli á.

- Skilgreining umdæma.** Í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins er tæmandi upptalning á þeim sveitarfélögum sem heyra undir hvern dómstól. Segir í athugasemdum um þá grein frumvarpsins að miðað sé við að mörkin milli umdæmanna verði óbreytt frá því er nú gildir, en umdæmin yrðu þar með þau sömu og kjördæmin við Alþingiskosningar, ef frá eru talin mörkin milli Reykjavíkur og á Reykjaness. Rökin fyrir þessu virðast byggð á mjög veikum grunni og fremur til þess fallin að valda erfiðleikum í framtíðinni ef til þess kemur að farið verði að sameina sveitarfélög sem nú eru í mismunandi sýslum. Það er að vísu rétt, að ekki verður séð að sýslur séu nú til sem lagalega skilgreind landsvæði, en ekki verður séð að nauðsynlegt sé að hverfa frá núgildandi skipulagi þess vegna. Auðveldast virðist að byggja á stjórnsýsluskiptingu landsins svo sem hún er greind í 11. gr. laga nr. 92/1989, en það myndi hafa það í för með sér að

## Héraðsdómur Suðurlands

---

ekki þyrfti að endurskilgreina umdæmi hvers dómstóls ef til þess kæmi að einhver sveitarfélög yrðu lögð niður með sameiningu við annað eða önnur, eða þótt sveitarfélög yrðu færð milli stjórnsýsluumdæma. Þannig yrði til dæmis umdæmi Héraðsdóms Suðurlands skilgreint þannig að til umdæmis hans heyrðu stjórnsýsluumdæmi sýslumannanna á Hvolsvelli, Selfossi, Vestmannaeyjum og Vík.

- Dómstólaráð.** Skipun sérstaks dómstólaráðs er nýmæli. Er margt sem mælir með því að slíku ráði verði komið á. Til þess að slíkt ráð komi til með að búa yfir nauðsynlegum krafti til að vera öflugur stjórnandi og málsvari fyrir dómstóla landsins verður að telja nauðsynlegt að það taki einnig til Hæstaréttar, enda væri heiti dómstólaráðsins rangnefni ef það tæki ekki einnig til Hæstaréttar. Ekki verður hjá því komist að gera athugasemd við þann hátt sem ætlað er að hafa á við skipun manna í dómstólaráðið. Með því fyrirkomulagi sem lagt er til í frumvarpinu sitja tveir dómárar kjörnir af héraðsdómurum auk þriðja manns sem skipaður yrði af dómsmálaráðherra. Allt eins gæti svo farið að dómárararnir tveir kæmu frá sama dómstóli. Væri því veruleg hættu á að þegar verið væri að bitast um takmarkað fé til rekstrar dómstólanna að einhverjum dómstjóra þætti, með réttu eða röngu, að hagsmunir síns dómstóls væru fyrir borð bornir. Þeir teldu sig þurfa að koma sér í góð tengsl við ráðsmeðlimi til að fá framgengt sínum málum, en slíkt væri ekki æskilegt. Þá er það ekki minna atriði að með þessu fyrirkomulagi skapast sú aðstaða, sem er stjórnsýslulega fráleit, að héraðsdómari sem sæti í dómstólaráði væri, jafnframt því að vera stjórnsýslulega undirmaður dómstjóra, orðinn yfirmaður hans með setu sinni í dómstólaráði. Virðist vænlegra að hafa þann háttinn á að dómstólaráð væri myndað af dómstjórunum átta auk dómara úr Hæstarétti sem annað hvort væri dómforsetinn eða dómari tilnefndur af honum. Þegar kemur að því verkefni dómstólaráðs, sem lýtur að skiptingu fjármuna gætu dómstjórar t.d. komið sér saman um forgangsröðun vegna kostnaðar við búnað o.fl., þannig að eitt árið færi hlutfallslega meira fé til eins dómstóls en annars, en næsta ár kæmi röðin að einhverjum öðrum. Ef svo færi að það þætti of þungt í vöfum að hafa dómstólaráðið skipað níu mönnum væri hægt að hafa þann hátt á að ráðið skipaði 3 manna stjórnarnefnd sem hefði það hlutverk að fylgjast með skrifstofu ráðsins og

# Héraðsdómur Suðurlands

---

hefði umboð til að taka þær ákvaðanir sem ekki þyldu bið. Í því tilfalli væri ekki nauðsynlegt að gera ráð fyrir að aðrir ráðsmenn væru launaðir en þeir sem sætu í stjórnarnefnd. Ekki er að sjá í frumvarpinu að gert sé ráð fyrir því að dómstólaráðið hafi eigin skrifstofu. Í athugasemdum við 13. gr. frumvarpsins er þó gert ráð fyrir því að einhver óveruleg starfsemi fari fram á vegum dómstólaráðsins. Fráleitt er að ætla að rekstur dómstólaráðsins kosti ekki neitt. Dómsmálaráðuneytið hefur nú í dag talsverðan kostnað af þeirri starfsemi sem hefur umsjón með dómstólunum. Þá er gert ráð fyrir að ráðið taki að sér ýmis verkefni sem nú heyra undir dómstjórana, og loks verður að gera ráð fyrir því að dómstólaráð muni taka að sér að viðhalda og endurbæta tölvuforrit það sem nú er í notkun til að halda utan um skráningu mála. Í fljótu bragði verður ekki séð að hægt sé að ætla annað en að dómstólaráðið hafi einhvern fastan samastað og þar muni starfa 2 til 3 starfsmenn. Annað væri ekki raunhæft ef ráðið á að sinna þeim störfum sem því er ætlað.

3. **Um flutning dómara á milli umdæma:** Í 5. mgr. 15. gr. frumvarpsins er mótuð sú regla að dómstólaráð geti flutt dómara á milli dómstóla í allt að sex mánuði gegn vilja hans, enda þótt hann geti ekki sótt þar vinnu án búferlaflutninga. Ákvæði þetta er í raun fráleit skerðing á sjálfsákvörðunarrétti manna og getur valdið óásættanlegri röskun á heimilishaldi svo sem vegna skólagöngu barna og starfa maka. Einnig verður ekki hjá því komist að benda á þann kostnað sem slíkur nauðungarflutningur hefur í för með sér svo og aðrar þær reglur sem fram koma í 15. gr. frumvarpsins.
4. **Um aðstoðarmenn skv. 17. gr. frumvarpsins.** Samkvæmt þeirri reglu sem sett er með 17. gr. frumvarpsins skulu tekin upp ný störf við dómstólana, störf aðstoðarmanna. Þegar litið er til athugasemda við þessa grein kemur í ljós að ekki er til þess ætlast að þessir aðstoðarmenn hafi heimild til að koma að rekstri dómsmála að neinu leyti. Þeir hafa ekki heimild til að koma að neinum þeim störfum við dómsmál sem fulltrúar hafa samkvæmt núgildandi reglum og eru þær heimildir þó af skornum

## Héraðsdómur Suðurlands


---

skammti. Virðist svo að við samningu þessarar greinar frumvarpsins hafi um of verið einblínt á hvað gæti komið að gagni við hina stærri dómstóla, svo sem Héraðsdóm Reykjavíkur. Að lokum verður þó að vekja athygli á því að mörg þeirra starfa sem núverandi dómarafulltrúar inna af hendi við dómstólana verða ekki unnin af aðstoðarmönnum en munu kalla á verulega aukningu á störfum dómara. Störf aðstoðarmanna geta þannig á engan hátt leyst vanda minni dómstólanna og væri satt að segja nær, ef mönnum finnst óhjákvæmilegt að leggja núverandi fulltrúakerfi fyrir róða, að fjölga þá fremur stöðum dómara.

5. **Meðdómendur:** Meðal þess sem lagt er til í 6. mgr. 15. gr. frumvarpsins er að dómstólaráð ákveði hvaða héraðsdómari taki sæti í fjölskipuðum dómi ef eftir því er leitað. Samkvæmt þeim reglum sem nú gilda leitar dómari eftir meðdómsmanni úr hópi dómara við sama dómstól eða frá öðrum dómstól og þarf dómstjóri að veita samþykki sitt til þess að viðkomandi megi taka að sér starfið. Ekki verður í fljótu bragði séð hverjir gallar eru á þessari aðferð. Hitt er aftur annað mál að ef flytja á þessa ákvörðun til dómstólaráðs verður starfsemi ráðsins að vera byggð upp á þann hátt að að það geti komið saman án tafar því stundum getur þurft að taka slíka ákvörðun með skjótum hætti.

Selfossi 1. desember 1997

Virðingarfyllst,



Kristján Torfason.